

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ólafíu Jóhannsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ólafíu Jóhannsdóttur. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Sjóðurinn er stofnaður af Ólafíu Jónsdóttur, hjúkrunarkonu, með skipulagsskrá staðfestri af forseta Íslands 15. febrúar 1971.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, í samræmi við síðustu munnlegar óskir Ólafíu Jóhannsdóttur til vina hennar, að stuðla að því að reist verði djáknastofnun á Íslandi. Með djáknastofnun á Íslandi er átt við samskonar stofnanir og þær sem vinna að hinni kirkjulegu þjónustu (diaconi) almennt í evangelísk-lútherskum kirkjum, en djákni er karl eða kona sem hlotið hefur menntun og víslu til að leysa þess konar þjónustu af hendi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins var árið 1971 tíuþúsund gamlar krónur sem ekki má skerða. Eign sjóðsins var 31. desember 1996 kr. 3.588.760,91, þar af telst höfuðstóll sem ekki má skerða kr. 1.000.000,00. Við höfuðstólinn skulu leggjast þær gjafir sem gefnar eru með þeim skilyrðum að þeim skuli til þessa varið, og gildir um þær hið sama ákvæði og um hinn upphaflega höfuðstól. Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í ríkistrygðum verðbréfum eða öðrum þeim eignum sem stjórn sjóðsins telur fullkomlega tryggar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:
Gjafafé, áheiti og annað fé er stjórn sjóðsins aflar með samskotum eða öðrum hætti.
Vextir af peningum og arður af eignum sjóðsins og annað það sem sjóðnum kann að áskotnast.
Heimilt er stjórn sjóðsins að veita af tekjum hans og óbundinni eign styrki til hverra þeirra aðgerða er miða að eflingu djáknaþjónustu á Íslandi, svo sem að styrkja til náms þá sem gerast vilja djáknar eða þá sem starfa sem slíkir.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þrem mönnum skipuðum til fimm ára í senn. Skipar landlæknir einn, biskupinn yfir Íslandi einn og stjórn Kristilegs félags heilbrigðisstétta einn.
Stjórn Kristilegs félags heilbrigðisstétta varðveitir eignir sjóðsins, sér um ávöxtun þeirra og rekstur fasteigna hans, svo og allt reikningshald, allt samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

6. gr.

Eigi má selja eða veðsetja fasteignir, sem eru í eigu sjóðsins, nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra, sbr. 5. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu endurskoðaðir árlega af endurskoðanda og lagðir fyrir stjórn sjóðsins sem sendir þá Ríkisendurskoðun í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988. Ríkisendurskoðun skal jafnframt tilkynnt hverjir skipi stjórn sjóðsins hverju sinni.

8. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna og staðfestingu dómsmálaráðherra.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til að leggja sjóðinn niður. Skal eignum hans þá ráðstafað samkvæmt markmiðum sjóðsins eða hann sameinaður öðrum sjóði með sömu eða hliðstæð markmið. Ekki skal sjóðurinn lagður niður nema ríka nauðsyn beri til að mati stjórnarinnar og dómsmálaráðherra samþykki.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár sjóðsins sem staðfest var 15. febrúar 1971 sem jafnframt er felld úr gildi.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. febrúar 1998.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

um kostnað vegna eftirlits með mannvirkjagerð og framkvæmdum á vegum Náttúruverndar ríkisins.

1. gr.

Gjald fyrir útseldan tíma fyrir eftirlit með mannvirkjagerð og framkvæmdum er kr. 3.750 án virðisaukaskatts.

Um gjöld fyrir akstur og dagpeninga fer samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma.

Virðisaukaskattur leggst á ofangreind gjöld samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með stoð í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 93/1996 og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 26. febrúar 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.